Ed. **1113. Nefndarálit** [216. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til umfjöllunar á mörgum fundum, m. a. í tengslum við frv. um breyt. á lögum nr. 13 frá 1979, en nefndin hefur nú lagt til í öðru nál. að ýmis ákvæði laganna verði afnumin. Eftir standa þó mörg ákvæði sem sjálfsagt er að nema úr gildi, en forsætisráðherra hefur upplýst að þegar hafi verið tekin ákvörðun um að „hreinsa" þessa lagasmíð og muni frumvarp þess efnis verða lagt fyrir Alþingi næsta haust, en allmikil vinna er að koma þessari hreingerningu í kring.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Ragnar Arnalds.	Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	